

Í Flakkaraferð á Hveravelli.

Átt hef ég áður yndisstund
í annarri ferð til Hveravalla.
Minningar frá þeim fyrri fund
finn ég nú sterkar til mín kalla.

Minnist ég þess hve margt þá leit.
margbrotið er okkar kæra land.
Þar endalaus gufan steig ofurheit.
úr ótal hverum og hraun í bland.

Enginn þar gengur í gömul spor
og gefur sér tóm til að sinna öllu.
að leiti ekki á hugann þau liðnu vor.
er ljúf átti Eyvindur þar með Höllu.

Við flökkum á þeirra fornu slóð
og finnum þar örugg merki,
um heimili þeirra er glöð og góð
gengið þar höfðu að verki.

En þau áttu líka dimman dag
er dáinn var eldur. Auðn og tóm
helltist á hugann og heljarlag.
harður söng bylur sterkum róm.

Örlög þeirra og ást og þrá
í útleigð þau ráku á fyrri tíð.
En við komum heimili frjálsir frá
Flakkarar blíðri á sumartíð.

Nýtum því nú og njótum vel.
návistar okkar við þessar slóðir.
Auðugri en aðra ég okkur tel,
það eiga ekki slíkan stað margar þjóði.

*Valgerður Kristjánsdóttir
Flakkari 221*

Kveðja við ferðalok.

Við kveðjum nú félagar kæru
komið þið fagnandi heim.
Við höfum það tindrandi á tæru
og tökum því höndum tveim,
að hittast helst sem fyrst aftur
og hefja upp gleði á ný.
Flakkara ferðakraftur
og frjálsslyndi sjá fyrir því.

